

lítíð „papoose“* til þess að skenita móður minni meðan faðir minn væri að veiðum.“

„Þetta var í „Gulllausamánuði,“ eðg svo kom snjórinn og veiðitíminn rétt strax, og faðir minn þurfti að fara og hirða um bogana sína. Þegar móðir míni þurfti að vera svo mikil ein-mana bað hún Wes-a-ka-chack að flýta sér með barnungann, sem hún hafði beðið hann um, og þegar ísinn leysti af vötnnum og viltu gæsirnar fóru að koma heim aftur, kom með þeim einn stór, hvítur svanur, hvítari en snjórinn og fegurri en allir aðrir fuglar — sagði móðir míni, — og hann færði móður minni gjöf — ja, mig. Ekki eins og eg er núna, heldur eins og osur lítinn vængjalausann söngfugl, eins og móðir míni sagði.

Upp frá þessu var móðir míni mjög ánægð og Wes-a-ka-chack er virtur og elskadur og tilbeðinn á heimili okkar síðan. Þess vegna getur okkur ekki verið vel við trúboðann í Dunvegan, sem kemur hingað stundum, og segir okkur að loka heimili okkar og hjarta fyrir Wes-a-ka-chack og tilbiðja andana sem hvítu mennirnir tilbiðja. Það er ekki svo auðvelt fyrir okkur, að rjúfa trygðir við guð seðra vorra sem hefir altaf veið okkur, svo góður, og semi héltn okkur undir sinni verndar hendi löngu áður en hvítu mennirnir virðu til. Heldur þú að guð hvítu mannanna sendi okkur ofur lítið „papoose“ ef við bæðum hann?“

„Quien Sabe! Eg veit ekki“ sagði Bannihan, sem mundi þá eitir að þessi dökka jungfrú talaði ekki spónsku.

„En“ sagði hún með barnslegu sakleysis brosi, „Wes-a-ka-chack gjörði það undir eins.“

Bannihan horfði hissa og þegjandi á þetta dularfulla barns-andlit, og virtist ekki vera neitt hrifinn af hennar guði eða gjöfum þeim er hún treysti honum til að veita. Hún gekk lítið eitt nær honum og studdi sig við litla borðið, og spurði:

„Átt þú konu nokkursstaðar?“

„Ja-á, eg átti einu sinni“ stamaði hann.

„Hvar er hún núna?“

Bannihan brosti, þegar hann hugsaði til „Litlu Evu“ sinnar, og benti til himins. Það hefði orðið árangurslítið erviði

* Ungbarn. Wes-a-ka-chack = Guð Indiánanna.